



Aðalfundur 18. febrúar 2002 haldinn í Kirkjulundi safnaðarheimil Keflavíkukirkju Kl. 20:00.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. a) Kosinn fundarstjóri.
b) Kosinn fundarritari.
3. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
4. Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfsemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
5. a) Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.
b) Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
6. Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
7. Lagabreytingar sbr. 7. Gr. og 10. Gr.

Heiðursviðurkenningar

Verðlaunaafhending.

Íþróttamenn deilda heiðraðir og síðan einn af þeim útnefndur
ÍÞRÓTTAMAÐUR KEFLAVÍKUR 2001.

Kaffiveitingar (umsjón foreldraf. Sunddeildar).

8. Kosinn formaður.
9. Kosnir 4 menn í stjórn.
10. Kosnir 3 menn í varastjórn.
11. Kosnir 2 skoðunarmenn og einn til vara.
12. Kosning fastra nefnda sem aðalfundur ákveður.
13. Ákveðið félagsgjald og ævifélagagjald.
14. Önnur mál.
15. Fundarslit.



Skýrsla aðalstjórnar til aðalfundar

Verkaskipting og fundir

Einar Haraldsson	formaður	sat 16	fundi
Kári Gunnlaugsson	v.formaður	sat 13	fundi
Þórður Magni Kjartansson gjaldkeri	sat 16	fundi	
Sigurvin Guðfinnsson	ritari	sat 8	fundi
Birgir Ingibergsson	meðstjórnandi	sat 13	fundi
Guðjón Axelsson	varastjórn	sat 12	fundi
Ólöf Sveinsdóttir	varastjórn	sat 14	fundi
Sveinn Adolfsson	varastjórn	sat 13	fundi

Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar:

Ritnefnd: Markmið:	Einar Haraldsson, framkvæmdastjóri félagsins sér um útgáfumálin. Sjá um útgáfu fréttabréfs og jólablaðs.
Samskiptanefnd: Markmið:	Skipuð einum fulltrúa úr hverri deild. Fulltrúi aðalstjórnar er Birgir Ingibergsson sem er formaður. Samræma ýmis mál er skarast milli deilda, t.d. agamál, systkinaafslætti, fjáraflanir, vörukaup o.fl.
Laganefnd: Markmið:	Magnús Haraldsson, Daði Þorgrímsson og Gísli H. Jóhannsson. Viðhalda lögum félagsins.
Landsmótsnefnd:	Skipuð einum fulltrúa frá fimleikadeild, sunddeild og badmintondeild. Fulltrúi aðalstjórnar Sigurvin Guðfinnsson sem formaður.

Stjórnarfundir

Alls hélt stjórnin 15 bókaða fundi á árinu. Þar fyrir utan sátu stjórnarmenn ýmsa vinnufundi í tengslum við verkefni ársins. Stjórnarmenn hafa líka skipt með sér verkum og verið tengiliðir við starfandi nefndir. Fastur fundartími aðalstjórnar hefur verið annan hvern fimmtudag frá kl. 18:00-20:00. Varafulltrúar hafa verið mjög duglegir að mæta á fundina eins og sjá má hér að framan og hafa þeir tekið virkan þátt í störfum aðalstjórnar og ákvarðanatöku. Það hefur líka verið ánægjulegt hversu viljugir varamenn hafa verið að taka að sér verkefni og hversu vel meðvitaðir þeir eru um framvindu mála hjá félaginu. Stjórnarfundir eru ætíð opnir deildum félagsins og hefur stjórnin hvatt forystumenn deilda til þess að nýta sér það að flytja mál sín í upphafi stjórnarfunda. Umræður hafa verið málefnalegar á stjórnarfundum og starfsandi góður.



Störf aðalstjórnar

Tveir nýir stjórnarmenn komu til starfa í aðalstjórn þeir Sigurvin Guðfinnsson sem ritari og Ólöf Sveinsdóttir sem varamaður.

Framkvæmdastjóri félagsins sótti samráðsfund Ungmennafélags Íslands sem haldinn var á Ísafirði dagana 12. og 13. maí.

UMFÍ stóð fyrir skoðunar- og kynnisferð til Danmerkur 26. - 29. apríl 2001.

Framkvæmdastjóri félagsins fór í þessa ferð.

UMFÍ stóð fyrir Leiðtogaskóla á síðasta ári. Sambandsaðilum var boðið að taka þátt en skólinn var opinn fyrir alla. Ákveðið var að þiggja boðið og senda framkvæmdastjóra félagsins, einnig var formönnum deilda boðið að sækja um eitt laust pláss sem félaginu stóð til boða. Tvær umsóknir bárust frá knattspyrnudeild og badmintondeild. Einar Haraldsson framkvæmdastjóri félagsins og Rúnar Arnarsson formaður knattspyrnudeildar sóttu námskeiðið sem haldið var 23. og 24. apríl og seinni hluti 8., 9. og 10. október á Selfossi.

Eins og undanfarin ár stóð félagið ásamt UMFN að dagskrá hátíðarhaldanna 17. júní og var gerður samningur við tólmstunda- og íþróttaráð um framkvæmdina. Einar, Kári, Birgir og Sveinn báru hita og þunga af undirbúningnum hjá félaginu. Einar Haraldsson var framkvæmdastjóri 17. júní nefndar. Þetta verkefni er komið í fastar skorður og hafa umsjónarmenn okkar lagt ríka áherslu á gott samstarf við UMFN og þá aðila hjá bænum sem tengjast málinu.

Tólmstunda og- íþróttaráð gerði samning við aðalstjórn félagsins um að starfrækja íþrótt- og leikjaskóla. Var skólinn starfræktur sjöunda árið í röð með svipuðu sniði og áður. Mikill metnaður hefur verið lagður í undirbúning og framkvæmd skólans. Strax að loknu starfinu s.l. sumar var unnin vegleg skýrsla um starfsemina sem skilað var til tólmstunda- og íþróttaráðs. Umsjónarmaður leikjaskólans var Einar Haraldsson.

Fulltrúar aðalstjórnar sátu ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar sem haldið var 20. júní 2001 á Hótel Keflavík. Jóhann B. Magnússon var kjörin formaður IRB.

42. sambandsþing UMFÍ var haldið í Stykkishólmi 20. - 21. október 2001. Keflavík átti 6 fulltrúa á þinginu en þeir voru Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Þórður Magni Kjartansson, Birgir Ingibergsson, Guðjón Axelsson, og Sveinn Adolfsson auk Sigurbjarnar Gunnarssonar en hann er stjórnarmaður í UMFÍ. Sigurbjörn var kosinn í stjórn UMFÍ á þinginu og er þetta 19. ár Sigurbjarnar í stjórn UMFÍ. Sigurbjörn er nú gjaldkeri UMFÍ.

Formannafundir

Formannafundirnir voru að þessu sinni þrír og voru haldnir 17. apríl, 17. september og 28. nóvember 2001.

Á fundinum 17. apríl voru mættir forystumenn frá aðalstjórn og frá flestum deildum félagsins. Farið var yfir stöðu og starfsemi deilda. Gögnum dreift varðandi fyrirmynda félag/deild sem ÍSÍ hefur útbúið. Formenn deilda skyldu skoða þetta með vönduðu hugafari vegna ákvörðunar bæjarstjórnar Reykjanesbæjar um aðstoð við að greiða unglingsþjálfunina. Miklar umræður urðu um málið. Landsmót á Egilstöðum 12. - 15. júlí 2001, aðalstjórn hafði mikinn áhuga á því að senda fjölmennt og öflugt lið til keppni og styrkja þá sem færu. Símaskrá félagsins var dreift. Styrkur frá Keflavíkurveiktökum var að upphæð 1.500.000 krónur fyrir félög innan Reykjanesbæjar, Garðs og Sandgerðis. Hlutur Keflavíkur var 708.342 krónur.

Á fundinum 17. september voru mættir forystumenn frá aðalstjórn og frá flestum deildum félagsins sem gerðu grein fyrir stöðu deilda og helstu atriðum í starfseminni. Tímar í íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar. Einar lagði fram tímatöflurnar og óskaði eftir því að fá inn alla þá tíma sem deildir koma ekki til með að nota. Jólábliðið var til umræðu. Fyrirmynda félag/deild, Einar sagði frá fundi sem TÍR og ÍRB boðuðu til 26. september 2001 vegna tillögu Skúla Þ. Skúlasonar um aðstoð við greiðslu unglingsþjálfara barna 12 ára og yngri. Framtíðarsýn Keflavíkur á uppbygginu á íþróttamannvirkjum. Hrannar kom inná að deildir þyrftu að fá meiri fjárhagslegan stuðning frá bæjaryfirvöldum frekar en íþróttamannvirki. Undir liðnum önnur mál dreifði Einar drögum að framkvæmdum vegna íþróttamála í Reykjanesbæ 1995 - 2011. Lögð áhersla á að koma K- flispeysu í sölu.



KEFLAVÍK íþrótt og umgögnunarséðing

Ársskýrsla 2001

Á fundinum 28. nóvember voru mættir forystumenn frá aðalstjórn og frá flestum deildum félagsins. Efni fundarins var lög og bókhald félagsins. Umræður um að bókhald skyldi fært á skrifstofu aðalstjórnar. Það er ljóst að aðalstjórn ber ábyrgð á fjármálum deilda.

Útgáfumál

Deildir hafa aukið upplýsingar til foreldra með sjálfstæðum fréttabréfum og er það af hinu góða. Einar Haraldsson framkvæmdastjóri félagsins hefur haft veg og vanda að útgáfu 17. júní dagskrár og jólablaði félagsins. Jólablaðið kom út í desember og var stjórn félagsins ánægð með útkomuna. Jólablaðið undirstrikaði viðtæka starfsemi félagsins. Blaðinu var dreift í öll hús í Reykjanesbæ í fyrsta skiptið og sá badmintondeild um útburðinn.

Keflavík er með heimasíðu á internetinu. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um félagið og allar deildir þess. Rétt er að geta þess að síða körfuknattleiksdeilda er mjög góð og notast íþróttafréttamenn við hana við fréttaflytning sinn. Fundagerðir aðalstjórnar eru settar inná heimasíðuna undir aðalstjórn. Slóð heimasíðunnar er; <http://www.keflavik.is>.

Rafrænan póst til félagsins á að senda á keflavik@keflavik.is

Bæjaryfirvöld

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld. Þau tækifæri sem félagið hefur haft til þess að bera upp erindi sín hefur verið vel tekið enda er bæjarfulltrúum vel ljóst hversu mikilvæg starfsemi íþróttahreyfingarinnar er í samfélaginu. Félagið hefur sent nokkur erindi á árinu varðandi Hringbraut 108 en ekki fengið undirtektir bæjarráðs að þessu sinni. Verið er að byggja gryfju við enda B-salar og ákveðið er að setja parket á gólf A-salar og verður það gert í sumar. Félagshemili og félagsaðstaða Keflavíkur er á áætlun Reykjanesbæjar 2003 en aðtöduleysi háir allri félagsstarfsemi innan félagsins í dag. "Reykjanesbær Íþróttabær" er stefnumörkun sem þarf að endurspeglar sameiginlegan vilja íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda, enda líklega unnin með hliðsjón af markmiðum ÍSÍ og menntamálaráðuneytis.

Framkvæmdastjóri

Einar Haraldsson er í 100% starfi sem framkvæmdastjóri Keflavíkur og hefur gegnt því starfi síðan 1. maí 1999. Reynslan sýnir að það sé nauðsynlegt að vera með framkvæmdastjóra í fullu starfi. Deildum félagsins stendur til boða að láta framkvæmdastjórnann færa bókhaldið og reikna laun. Á árinu 2001 var ein deild sem nýtti sér þessa þjónustu. Auk þess hefur framkvæmdastjóri verið deildum innan handar við við hin ýmsu verkefni.

Landsmót UMFÍ Egilstöðum 12. - 14. júlí 2001

Aðeins 34 keppendur tóku þátt á landsmóti, en það er töluvert minna en reiknað var með í fyrstu. Farastjórar voru 6. Þátttakendur voru frá sunddeild, fimleikadeild og badmintondeild. Keflavík átti ekki lið í knattspyrnu né körfuknattleik að þessu sinni ólíkt undanförunum landsmótum. Árangur keppenda var góður. Keflavík endaði í 10. sæti með 294 stig



KEFLAVÍK íþróttafélag

Ársskýrsla 2001

Unglingalandsmót UMFÍ Stykkisólmi 3.-5. Ágúst 2002

Aðalstjórn félagsins mun kynna á næsta formannafundi unglíngalandsmót UMFÍ fyrir formönnum deilda félagsins og hvetja formenn deilda að kynna Unglíngalandsmótið í sýnum deildum. Unglíngalandsmótið verður haldið um verslunarmannahelgi og hefur sú nýbreytni reynst vel. Mótshaldara eru að gera þetta að fjölskylduhátíð. Vonandi á Keflavík fjölmennt lið á Unglíngalandsmótinu í Stykkishólmi í sumar.

Merki félagsins

Merki félagsins hefur mikið verið til umræðu á undanförunum árum. Það hefur verið hvítleitt fyrir fulltrúa félagsins að þegar þeir hafa setið ráðstefnur eða þing þá eru menn ekki sagðir vera frá Keflavík heldur úr K-inu sem dæmi Einar Haraldsson K-ið. Kári Gunnlaugsson hefur verið að skoða það að breyta merki félagsins og lagði til að Keflavík yrði komið fyrir í merkinu. Fyrir þessum aðalfundi liggur fyrir tillaga um lagabreytingu á 30. gr. laganna en hún kveður á um merki félagsins. Tillaga að nýju merki hefur verið kynnt hjá deildum félagsins og hefur fengið jákvæðar undirtektir enda ekki breyting á K-inu sjálfu.

ÍRB

ÍRB einbeitti sér að samskiptum við íþróttaráð og einstökum verkefnum. Þar er líka nauðsynlegur samstarfsvettvangur til samræmingar milli félaganna. "Reykjanesbær á réttu róli" var starfrækt og var Ólafur Gunnarsson verkefnisstjóri. Á síðasta þingi bandalagsins var kosin ný stjórn. Stjórn bandalagsins er skipuð Jóhanni B. Magnússyni formanni, Einari Haraldssyni varaformanni, Ásdísi Jakobsdóttur gjaldkera, Ásgeiri Eiríkssyni ritara og Kristbírni Albertssyni meðstjórnanda, varamenn eru þeir Hafstein Ingibergsson og Jón Ólsen. Jóhann B Magnússon hannaði geisladisk sem inniheldur tillögur að betra félagi/deild sem kynntar verða félögum væntanlega í febrúar 2002. ÍRB stóð fyrir kjöri á íþróttamanni Reykjanesbæjar 2001 og fór kjörið fram í íþróttahúsinu í Njarðvík á gamlársdag. Fyrir valinu varð Örn Ævar Hjartarson Golfklúbbsi Suðurnesja, í öðru sæti Jón Oddur Sigurðsson sunddeild Njarðvíkur og í þriðja sæti Logi Gunnarsson körfuknattleiksdeild Njarðvíkur. Íslandsmeistarar Reykjanesbæjar voru heiðraðir.

Badmintondeild

Stjórnin er skipuð Sesselju Birgisdóttur formanni, Jóni Ingiberg Kristjánssyni varaformanni, Dagbjörту Ýr Gylfadóttur gjaldkera, Guðríði Walderhaug ritara og Dagbjörту H. Guðmundsdóttur meðstjórnanda. Varamenn Vilborg Jóhannesdóttir og Jónas Þorsteinsson. Í janúar 2000 var keppt á Gríslíngamóti á Akranesi sem er mót fyrir yngstu keppendurnar. Keppt var á Íslandsmeistaramóti unglínginga og komið heim með 4 verðlaun, nokkuð góður árangur það. Vínarbæjarmót í badminton var haldið í Reykjanesbæ í júní 2001 og sá deildin um ýmis verkefni sem við komu mótinu. Eins og undan farin ár þá var haldið Sparisjóðsmót í nóvember en 80 keppendur tóku þátt. Hið árlega fjölskyldumót var haldið milli jóla og nýárs. Þjálfari er Sigurður Þorsteinsson.



Fimleikadeild

Stjórnin er skipuð Sigurbjörgu Guðmundsdóttur sem formanni, Rannveigu Arnardóttur varaformanni, Hafðís K Finnbjörnsdóttir gjaldkera en Karítas Sigurvinsdóttur tók við í September sem gjalkeri, Rannveigu Arnardóttur ritara og Ólafi Ingibergssyni meðstjórnanda. Varastjórn, Guðrún Sigurðardóttir, Guðmunda Sigurðardóttir, Guðrúnu S. Sigurðardóttur, Ragnheiður Ólafsdóttur og Auður Óskarsdóttir. Á síðasta ári störfuðu 14 þjálfara auk þriggja aðstoðarþjálfara. Haldin voru tvö mót á árinu auk æfingamóta. Haldin var opinn dagur 20. okt þar sem allir gátu gerst fimleikamenn í einn dag, tókst hann mög vel. Jólasýning var haldin þann 15. desember. Deildin stóð fyrir sumarnámskeiði í júní og ágúst. Nokkrar stúlkur sóttu þjálfaranámskeið hjá ÍSÍ. Deildin æfir í B- sal í íþróttahúsinu við Sunnubraut og voru æfingardagar 280. Bygging gryfju við B- salinn er komin langt á veg og er áætlað að hún verði tilbúin mánaðarmótin mars apríl 2002.

Keiludeild

Ingiber Óskarsson er formaður keiludeildar. Staða keilunnar er ekki góð hvað varðar aðstöðu. Aðstaða til iðkunar á íþróttinni í bæjarfélaginu er engin og því er erfitt og kostnaðarsamt að stunda þessa íþróttagrein í Reykjanesbæ. Ingiber ætlar að klára tímabilið og síðan að hætta og verður þá deildin að öllum líkindum lög af. Deildin á einn Íslandsmeistara, Eiríkur Björgvinsson.

Knattspyrnudeild

Formaður er Rúnar Arnarsson, Þorsteinn Magnússon varaformaður, Sævar Pétursson gjaldkeri, Birgir Runólfsson ritari og Jón Ólsen meðstjórnandi. Varamenn Elvar Gottskálksson, Elís Kristjánsson og Erlingur Hannesson. Allir flokkar okkar karla og kvenna tóku þátt í þessum hefðbundnum mótum svo sem Íslandsmóti, Faxaflóamóti auk sérmóta. Deildin hélt nokkur mót. Tveir Íslandsmeistaratitlar unnust á árinu en það var annar flokkur karla innanhúss og fyrsti flokkur karla utanhúss. Nokkrir Keflvíkingar léku landsleiki á árinu. Þetta eru þeir Jónas Guðni Sævarsson og Hörður Sveinsson U-19, Þórarinn Kristjánsson, Guðmundur Steinarsson, Ómar Jóhannsson og Hjálmar Jónsson U-21 en einnig lék Hjálmar Jónsson með A-landsliðinu. Árangur meistaraflokks var ekki sá sem menn lögðu upp með. Rekstur deildarinnar er þungur og fjárhagsstaðan erfið. Keflavík var með sameiginlegt lið í meistaraflokki og 2. flokki kvenna með Reynir Sandgerði og Víðir í Garði. Keflavík var með 3., 4. og 5. flokk kvenna sem tóku þátt í hinum ýmsu mótum og var árangurinn ágætur, en 4 flokkur b náði þeim árangri að komast í úrslitakeppnina sem haldin var á Akureyri og höfnuðu í 6. sæti.

Skotdeild

Stjórnin er skipuð Árna Leifssyni formanni, Bjarna Kristmundssyni varaformanni, Árna Pálssyni gjaldkera, Sverri Hafsteinsyni ritara og Magnúsi Hafsteinsyni meðstjórnanda. Varamenn Sólrún Jensdóttir, Geir Gunnarsson, Sveinbjörn Guðmundsson og Gunnlaugur Hafsteinsson. Fjármál deildarinnar eru erfið eftir smáþjóðaleikana 1997 sem fram fóru í Höfnum í Heiði og íþróttahúsinu í Njarðvík. Tómstunda - og íþróttaráð setti á framkvæmdaáætlun sína aðstoð við deildina 500.000 krónur á ári í fjögur ár eða í heild 2.000.000 krónur, bæjarstjórn feldi þetta út úr fjárhagsáætlun bæjarins. Haldin voru fjögur skotmót á vegum deildarinnar. Æfingar voru tvisvar í viku. Aðstaða deildarinnar er einstök á landinu þó víða væri leitað. Deildin er með heimasíðu.

Sunddeild



KEFLAVÍK íþrótt og ungmennafélag

Ársskýrsla 2001

Halldór Þórólfsson formaður, Einar Magnússon varaformaður, Bjarney Snævarsdóttir gjaldkeri Hafdís Guðlaugsdóttur ritari og meðstjórnandi Heimir Sigursveinsson. Varamenn Niels Hermannsson, Halldóra Magnúsdóttir og Sigríður B. Björnsdóttir.

Síðasta ár var að mörgu leiti ári sögu sunddeildarinnar. Því sl. haust tóku sunddeild Keflavíkur og sunddeild Njarðvíkur upp samstarf í þjálfun eldri hópa og einnig að keppa sameiginlega undir merkjum ÍRB. Í haust var settur á laggirnar Garpahópur þar sem eldri sundmönnum og áhugafólki um sund var boðið upp á æfingar. Sundkennsla yngri krakka fer fram í Heiðarskóla. Gamla Sundhöllin er notuð fyrir krakka fram að 12 ára aldri.

Körfuknattleiksdeild

Ný stjórn var kjörin í lok síðustu leiktíðar í maí 2001. Stjórnin er skipuð Hrannari Hólm formanni, Hermannni Helgasyni varformanni, Guðsveini Ólafi Gestssyni gjaldkera, Gunnari Schram ritara, Gunnari Jóhannssyni og Einari Skaftasyni meðstjórnendum. Varamenn Þorgrímur Árnason, Rúnar Georgsson og Jón Ben Einarsson. Kristín Kristjánsdóttir er formaður unglingaráðs. Meistarflokkar karla og kvenna eiga raunhæfa möguleika að verða Íslandsmeistarar. Í meistaraflokki karla er að verða kynslóðaskipti, liðið er nú nánast skipað ungum piltum. Sama er að segja um meistaraflokk kvenna þar eru unglingsstúlkur að fara að taka við. Unglingaflokkur kvenna og 8. flokkur kvenna urðu Íslandsmeistarar. Unglingastarfið er í miklum blóma. Iðkendur eru um 250 í 14 flokkum. Keflavík sendir lið til keppni í fleiri flokkum en nokkurt annað félag. Þjálfarar eru vel menntaðir. Starfsemi deildarinnar er mjög umfangsmikil og rekstur deildarinnar er þungur og fjárhagsstaðan erfið. Deildinni vantar tilfinnalega meira af áhugasömu fólki til starfa fyrir deildina. Heimasíða deildarinnar er til mikillar fyrirmyndar og er stór glæsileg og uppfærð reglulega en þar er að finna allar upplýsingar hvað er að gerast hjá deildinni. Heyrst hefur að íþróttaféttaritarar fari inn á síðuna til að ná sér í efni. Deildin er með aðstöðu í kjallara Sundmiðstöðvar við Sunnubraut þar sem gögn og munir eru geymdir

Taekwondodeild

Sigursteinn Snorrason formaður, Brynhildur Sigursteindsdóttir gjaldkeri og Ari Normandy ritari. Æfingar eru þrisvar í viku. Æfingar fara fram í sal kjallara Sundmiðstöðvar við Sunnubraut. Mikill fjöldi stundar nú þessa íþrótt og segja má að áhuginn sé miklu meiri en menn þorðu að vona. Deildin eignaðist tvo Íslandsmeistara á árinu þá Nökkva Þór Mattíhasson og Duangdee Sinpru.

Aðalstjórn vill þakka öllum velunnurum félagsins, stjórnarmönnum deilda og foreldrum fyrir dugnað og fórnfúst starf til eflingar íþróttastarfsins.



Íslandsmeistarar Keflavíkur 2001 - samkvæmt upplýsingum deilda.

Sunddeild:

Arnar Ingi Guðmundsson

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 4 x 50 fjór og 4 x 50 skrið.

Birkir Már Jónsson

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 200m skrið, 400m skrið, 1500m skrið og 200m fjór.

Einar Pétursson

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 4 x 50 fjór og 4 x 50 skrið

Guðlaugur Már Guðmundsson

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 200m skrið, 4 x 100m skrið, 4 x 100m fjór, 4 x 50m skrið.

Guðni Emilsson

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 100m bringa, 4 x 50 fjór og 4 x 50 skrið.

Íris Edda Heimisdóttir

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 100m bringa og 200m bringa.

Innanhússmeistaramóti Íslands 50 bringa og 100m bringa

Sundmeistaramóti Íslands. 50m bringa, 100m bringa, 200m bringa,
200m fjór og 4 x 100m fjór.

Jón Gauti Jónsson

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 4 x 50m skrið

Ólafur Páll Ólafsson

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 4 x 50m skrið

Sigurður Freyr Ástþórsson

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 4 x 50m fjór.

Þóra Björg Sigþórsdóttir

Aldursflokkameistaramóti Íslands. 100m baksund, 4 x 100m skrið, 4 x 100m fjór,
4 x 50m skrið. Sundmeistaramóti Íslands. 4 x 100m fjór.

Keiludeild:

Eiríkur Björgvinsson

Körfuknattleiksdeild:

Unglingaflokkur kvenna

8. flokkur kvenna

Knattspyrnudeild:

Fyrsti flokkur karla utanhúss

Annar flokkur karla innanhúss

Taekwondodeild:

Nökkvi Þór Matthíasson

Duangdee Sinpru